

# Lerki (*Larix*)

Lerki (*Larix*) er ættkvísl barrtrjáa sem vex í barrskógabeltinu á norðurhveli jarðar og til fjalla á suðlægari slóðum og teljast 10-15 tegundir til ættkvíslarinnar. Lerki er af þallarætt, eins og t.d. greni, fura og þinur en ólíkt þeim ættkvíslum þá fellir lerki barrið á haustin og var því nefnt barrfellir áður fyrr.

Síberíulerki (*Larix sibirica*) hefur frá því snemma á 20. öld verið notað til skógræktar á Íslandi. Rússalerki (*Larix sukaczewii*), sem er náskyld síberíulerki eða afbrigði af sömu tegund, hefur mestmegnis tekið við af því frá um 1980 en síberíulerkið er viðkvæmara fyrir íslensku loftslagi og sjúkdómum. Rússalerki er nú eitt algengasta skógræktartré á Íslandi, einkum á norður- og austurlandi, og hefur náð yfir 23 metra hæð hérlandis. Evrópulerki (*Larix decidua*) hefur einnig verið ræktað á Íslandi frá byrjun 20. aldar, auk nokkurra annarra lerkitegunda.



Rússalerkið í Kópavogsdal árið 1989.



Athöfn í Kópavogsdal 13. október 2005 þegar lerkitréð var útnefnt Tré ársins.



Haustið 2015 var sett lýsing við tréð.

Lerkitréð hér í Kópavogsdal er rússalerki og var haustið 2005 útnefnt Tré ársins af Skógræktarfélagi Íslands. Útnefningufélagsins á Tré ársins er ætlað að beina sjónum almennings að því gróskumikla starfi sem unnið er um land allt í trjá- og skógrækt.

Við þetta tækifæri var slegið máli á tréð og aldur greindur með því að taka borkjarna úr því. Hæð trésins reyndist vera 8,60 m og ummál þess 1,05 m í brjósthæð. Líklegt er að rússalerkið hafi verið gróðursett um 1940. Það var fjölskylda Kristjönu Fenger og Johns Fenger sem hófu ræktun á svæðinu upp úr 1936 er þau reistu sér sumarbústað hér, sem þá var kallað Digranesblettur 81 og varð síðar Hlíðarvegur 136. Fjölskyldan dvaldi á þessum árum og allt fram yfir 1960 oft sumarlangt í bústaðnum, sem á þessum tíma var í algjörri sveit.

Heimildir:  
Skógræktarritið 2005, 2. tbl.  
Brynjólfur Jónsson „Tré ársins 2005“  
Skógræktin [www.skogur.is](http://www.skogur.is)

